

2. júní 2021

Skýrsla stjórnar

Fjórðungssambands Vestfirðinga



Staðan 2020

Þá er það árið 2020

Sveitarfélögin stóðu frammi fyrir breyttu umhverfi varðandi sameiningar þar sem stefndi í lágmarksíbúafjöldann 1000. Lítil sveitarfélög víðsvegar um landið mótmæltu þessari þróun og var mjög tvískipt hvort fólk var hlynnt þessari 1000 íbúa lágmarki eða ekki. Nú horfir þó öðruvísi við þar sem ekki lengur verður horft í þessa tölu heldur getu sveitarfélaga í að veita lögbundna þjónustu.

Það er ekki hægt að fara í gegnum skýrslu stjórnar án þess að tala um Covid 19 sem hafði að sjálfsögðu áhrif á sveitarfélög. Jöfnunarsjóður skar niður og voru tekjur sveitarfélaga skertar all verulega við erum að sjá það á ársreikningunum að mörg sveitarfélög á Vestfjörðum eru í hallarekstri og fáir A hlutar sem ná að vera réttu megin við núllið. Samhliða horfum við á styttingu vinnuvikunnar sem á ekki að hafa fjárhagslega aukningu og launahækkunir. Enn er verið að auka á þjónustu við íbúa, lög í þágu farsældar barna með breyttu fyrirkomulagi í barnaverndarmálum geta haft fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin ásamt hugmyndum sem eru uppi að þjónusta við aldraða færir frá ríki til sveitarfélaga.

Starfsárið 2020

Hér er mikilvægt að við séum meðvituð um okkar stöðu og fylgjumst vel með þróun mála, því það er mjög mikilvægt að fjármagn fylgi svona stórum aðgerðum.

Stjórn fjórðungssambandsins í árslok 2020 var skipuð af

Hafdísi Gunnarsdóttur, sem þá var formaður.

Þóri Guðmundssyni

Jóhönnu Ösp Einarsdóttur

Iðu Marsibil Jónsdóttur

Kristjáni Jón Guðmundssyni

Fundir

Sú vinnu hefð hefur skapast að stjórn fjórðungssambandsins situr áfram eftir stjórnarfundi Vestfjarðastofu og ræðir þau mál sem snerta Fjórðungssambandið.

Fjórðungsþing að vori var haldið í fjarfundi 27. maí 2020 og var frestað til 9. október.

Fjórðungsþing að hausti var haldið dagana 9. og 10. október í fjarfundi.

Betur verður farið yfir fundi ársins 2020 í skýrslu stjórnar Vestfjarðastofu.

Grundvallarskjöl

Til að stjórn Fjórðungssambandsins geti stutt við starfsseminna og fjórðunginn allan vinnum við eftir grundvallarplöggum.

Þessi grundvallarplögg eru unnin í víðu samstarfi sveitarfélaga og íbúa þeirra.

Sóknaráætlun er það plagg sem hvað flestir koma að. Mjög þverfagleg vinna á sér stað við gerð sóknaráætlunar og gefur hún okkur umboð til að starfa í þágu fjórðungsins. Þarna á að koma fram sjónarmið íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga um sameiginlega sýn okkar á fjórðunginn. Þetta er okkar aðal vinnu plagg til að vinna fyrir ykkur. Að lesa sóknaráætlunina í dag er mjög gefandi, þar sér maður mörg verkefni sem eru nú þegar í gangi og mjög mörg verkefni sem eru á fyrstu metrunum.

Að auki bætast við mikilvægt plögg eins og Ályktanir frá haustþingi. Þar koma málefni sem eru mikilvæg sveitarfélögunum hverju sinni og ýtir undir hvaða umsögnum fjórðungssambandið skilar til þingsályktanna.

Svo er vert að nefna grundvallarskjöl sem nú eru í vinnslu, Jarðgangnaáætlun og Samgönguáætlun Vestfjarða sem verða síðan hluti af Innviðaaáætlun Vestfjarða. Þar er að eiga sér stað þverfagleg vinna í samvinnu við sveitarfélögin. Næstu skref í því verkefni eru félagshagfræðileg greining á jarðgangnakostum og forgangsroðun vegframkvæmda annarra en stofnframkvæmda í fjórðungnum og þar er því ansi mikilvægt verkfæri fyrir stjórn að nota í þágu fjórðungsins.

Hvernig hölum við áfram? - hugmyndafræði þjónandi forustu um traust.

Við erum hérna öll með sama markmið, að þjóna íbúum okkar. Stundum fara ekki saman hagsmunir minna íbúa við hagsmuni íbúa á öðrum svæðum og þá þurfum við að vera tilbúin að ráða fram úr því. Vegna þess að svo eru hagsmunir minna íbúa í Reykhólahreppi líka hagsmunir ykkar og hagsmunir ykkar íbúa eru líka hagsmunir mínir.

Það er ekki hollt að við séum alltaf sammála um allt og að vera ósammála og jafnvel rífast yfir hlutunum er mikilvægur hluti af ferlinu í öllum ákvarðanatökum. En ef við ætlum að fá eitthvað markvisst út úr umræðum (já eða rífrildi) þá verðum við að treysta hvoru öðru. En hvernig byggjum við upp þetta traust?

1. Við þurfum fyrst og fremst að hafa sameiginlegan draum eða sýn og því náum við fram í gegnum þessu grundvallargögn sem ég talaði um áðan. Við þurfum að vinna þau á eins þverfaglegan hátt og hægt er og fá eins marga að borðinu og hægt er í þeirri vinnu.
2. Við þurfum að segja skoðanir okkar, ekki bara tipla á tánum og vera hrædd um að að móðga einhvern. Stundum þurfum við bara að láta í okkur heyra og jafnvel rífast. Það er svo miklu mikilvægara að við getum treyst á að fá að heyra allar hliðar.
3. Við þurfum að vera dugleg að deila ábyrgð með hvoru öðru. Bæði starfsfólk, stjórn og sveitarstjórnarfolk þarf að vera með skýrar starfsreglur þannig að við þekkjum okkar hlutverk.

4. Traust í samskiptum, að segja frá hugsunum okkar og viðhorfum. Við verðum að mun a að við erum öll hérna á sama grundvelli og enginn er merkilegri en annar.
5. Tækifæri til að breytast og vaxa. Við lærum lang mest af hvoru öðru, en við getum ekki lært af hvoru öðru ef við erum í fýlu yfir einhverju sem einhver sagði eða gerði ei nhverntíman. Við eigum að vera dugleg að nýta þetta lærdómstækifæri.
6. Auðmýkt. Við þurfum að vera örugg um mikilvægi okkar og auðmjúk fyrir fólkinu í kringum okkur. Auðmýkt er af mörgum skilgreind sem veikleiki, sérstaklega á þessum vettvangi sem pólitíkin getur verið. En það væri ansi óeðlilegt ef enginn gerði mistök eða þyrfti einhverntíman að Skipta um skoðun. Það að geta sýnt auðmýkt er mikilvægur styrkleiki sem við eigum að halda í.
7. HLUSTUN! Hlusta til að skilja en ekki til að bregðast við.

Niðurlag

Það er þessi vettvangur, fjórðungsþingin, sem er vettvangurinn til að hafa skoðanir og til að hafa áhrif. Sirrý mun kynna endurskoðun sóknaráætlunar á eftir og þar er stórt tækifæri fyrir ykkur öll að koma að endurskoðun og geta þannig sett mark ykkar á starf fjórðungsins. Það sama á við um umræður á fundum dagsins í dag. Þessar umræður eru ykkar vettvangur til að koma með ykkar sjónarmið og hlusta á sjónarmið annarra.

Annars vona ég að dagurinn verði ykkur ánægjulegur en jafnframt vona ég líka að það verði tekist aðeins á.

Takk fyrir.

Fyrir hönd stjórnar

Jóhanna Ösp Einarsdóttir